

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	7.6.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gunnlaug H. Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alur	<b>Fulltrúi UST</b>	Kristján Geirsson
<b>Heimili</b>	Borgartúni 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5903982099	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Adamsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Niðurstaða reglubundins fyrra eftirlits er að Alur hafi í fjórum atriðum ekki uppfyllt skilyrði starfsleyfis frá 11. september 2011 og skrást þau sem frávik í þessari skýrslu. Frá því eftirlit fór fram hefur rekstraraðili uppfyllt eitt frávik. Einnig er gerð ein athugasemd við starfsemi fyrirtækisins.

## UMFANG EFTIRLITS

Fundað var með fulltrúa fyrirtækisins. Einnig var skulgrýfja fyrirtækisins í Helguvík skoðuð og olíuþró. Með í eftirlitinu var einnig Ríkharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

Skulgrýfja var skoðuð nálægt hámarks fjöru. Efnið sem sett hafði verið niður var undir yfirborði og augljóst að efnahvörf voru í fullum gangi. Örlítil ammoníaklykt var við gryfjunar. Í næsta nágrenni var verið að vinna við niðurrif skips og að sögn urðu menn sem unnu þar ekki fyrir neinum óþægindum. Engar kvartanir vegna skulgrýfju hafa borist til Umhverfisstofnunar, rekstraraðila eða Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, síðan nýja gryfjan var tekin í notkun. Ný tímabundin skulgrýfja fyrirtækisins var tekið í gagnid árið 2010. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við það fyrirkomulag en fylgist með framvindu málsins, sbr. umfjöllun í eftirlitsskýrslum árin 2009 og 2010.

Einnig var rætt um að ráðstöfun meðhöndlaðs gjallsands og síuryks er háð samþykki Umhverfisstofnunar, en rekstraraðili er með til skoðunar leiðir. Á meðan hefur meðhöndlað efni verið sett til geymslu til hliðar við skulgrýfju.

Varðandi úrgang sem fellur til sbr. ákvæði 2. 14 er það eingöngu stálkór og steypumót sem falla til og er skilað sem brotamálmi til Hringrásar. Sjá einnig í Grænu bókhaldi fyrirtækisins.

Farið var yfir mælingar sem rekstraraðila ber að gera á díoxín og fúran í jarðvegi, útblæstri og síuryki, sbr. ákvæði 2.16. Mælingar í jarðvegi voru framkvæmdar vorið 2011 og mældist styrkur díoxín í jarðvegi sami og mældist í viðmiðunarsýni. Alur sendi greinargerð til Umhverfisstofnunar 30. september 2011 vegna mælinga í síuryki og jarðvegi. Rekstraraðili hefur ákveðið að gera þessar mælingar í júní 2012 og má búast við að niðurstöður liggja fyrir í ágúst.

Rætt var um fráveitulagnir fyrirtækisins. Ekkert vatn eða frárennsli er frá vinnslusal fyrirtækisins. Salernisaðstaða er sameiginleg með Síldavinnslnni Helguvík.

Rekstraraðili sendi inn upplýsingar um vöktunarkerfi 30. nóvember 2011 til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði 3.1 í starfsleyfi. Skráningar voru ekki skoðaðar. Rætt um flúormælingar sem rekstraraðili hefur nýlega tekið upp og móttöku álgjalls, sem kemur sem salli eða kubbar. Allir gámar myndaðir og fylgst með að álið í gjallinu sé að lágmarki meira en 20%. Gögnum er safnað inn á vef hjá Vista og lýsti fulltrúi rekstraraðila því yfir að stefnt væri að beinum aðgangi Umhverfisstofnunar að þeim skráningum.

Samkvæmt ákvæði 3.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili mæla árlega úrblástur, sbr. grein 2.5 og skal mælingum hvers árs vera lokið og niðurstöður senda Umhverfisstofnun fyrir 1. júlí 2012. Mælingar verða gerðar nú í júní fyrir 2012 að sögn fulltrúa fyrirtækisins. Mælingar frá 2011 voru frá í mars það ár og mældist ryk 4.1 mg/Nm<sup>3</sup>, en losunarmörk skv. starfsleyfi er 20 mg/Nm<sup>3</sup>.

Samkvæmt ákvæði 3.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili framkvæma þrýstiprófanir á lögnum á a.m.k. fimm ára fresti. Ekki er ljóst hvenær síðast þrýstiprófun fór fram. Umhverfisstofnun mun senda upplýsingar um hvernig framkvæma beri slíkar mælingar og í framhaldinu mun stofnunin óska eftir áætlun um hvenær rekstraraðili áætla að framkvæma þrýstiprófun á lögnum frá olíutanki. Eldsneyti í tanknum er skipagasolía. Staðfest var að olíugildra er við olíugeyma.

Grænu bókhaldi ber að skila fyrir 1. maí 2012 fyrir árið 2001. Því hafði ekki verið skilað inn til stofnunarinnar þegar eftirlit fór fram, en stofnunin hefur mótttekið Grænt bókhald rekstraraðila dags. 12. júní 2012.

Útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1. maí 2012 fyrir árið 2001. Stofnuninni hafði ekki borist útstreymisbókhald fyrirtækisins þegar eftirlit fór fram.

Viðbragðsáætlun sbr. ákvæði 4.4 er fyrirbyggjandi, dags. 2. maí 2005. Hún er alltaf til taks, hangir á vegg í matsal verksmiðjunnar.

Samkvæmt ákvæði 4.9 skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund árlega. Ekki var boðað til slíks fundar árið 2011. Í gögnum stofnunarinnar er fundargerð frá samráðsfundi 5. júní 2009..

Samkvæmt ákvæði 5.1 skal rekstraraðili taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins. Rekstraraðila bar að leggja fram slíka áætlun til Umhverfisstofnunar til samþykktar í síðasta lagi 6 mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins eða í mars 2012. Vöktunaráætlun hefur ekki borist stofnuninni til samþykktar.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

ákvæði 3.4 í starfsleyfi og ákv. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir árið 2011 var ekki skilað fyrir 1. maí 2012.

ákvæði 3.4 í starfsleyfi og ákv. reglugerðar nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2011 var ekki skilað fyrir 1. maí 2012.

ákvæði 4.9 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund árlega . Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga ofl.

ákvæði 5.1 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni verksmiðjunnar og bar að leggja slíka áætlun fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar í síðasta lagi 1. mars 2012.

#### **ATHUGASEMDIR**

Samkvæmt ákvæði 3.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili framkvæma þrýstiprófanir á lögnum á a.m.k. fimm ára fresti. Ekki er ljóst hvenær síðast þrýstiprófun fór fram. Umhverfisstofnun mun senda upplýsingar um hvernig framkvæma beri slíkar mælingar og í framhaldinu mun stofnunin óska eftir áætlun um hvenær rekstraraðili áætla að framkvæma þrýstiprófun á lögnum frá olútanki.

#### **ANNAÐ**

Samkvæmt nýju starfsleyfi dags. 1. september 2011 (gr. 1.2) er gerð krafa um að ef rekstraraðili hyggur á meðhöndlun gjallsands og síuryks í skolgryfjum til lengri tíma beri að fá heimild Umhverfisstofnunar. Áður en farið verður af stað með slíka tilhögun ber að senda umsókn til stofnunarinnar ásamt greinargerð eins og lýst er í gr. 2.13 í starfsleyfi.

Reykjavík, 14.06.2012



---

Gunnlaug H. Einarsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.